

**Samkomulag  
um samstarf fræðasviða og deilda Háskóla Íslands  
um menntun framhaldsskólakennara.**

1. gr.

Gildissvið.

Samkomulag þetta gildir um samstarf fræðasviða Háskóla Íslands um námsleið í menntun framhaldsskólakennara.

Námið er meistaranám til menntunar framhaldsskólakennara í kennslufræði framhaldsskóla með tilgreindum áherslusviðum (kjörsviðum). Það er skipulagt sameiginlega af fræðasviðum og deildum háskólans eftir því sem við getur átt.

Samkomulag um skipulag námsins er gert með vísan til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, reglugerðar um kennaramenntun nr. 872/2009 og með hliðsjón af 53. og 62. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009. Samkomulagið gengur ekki gegn ákvæðum 69. gr. reglnanna og sérreglum einstakra fræðasviða og deilda um framhaldsnám. Sameiginlegar reglur Háskóla Íslands og reglur fræðasviða og deilda gilda eftir því sem við á ef samkomulag þetta hefur ekki að geyma ákvæði um einstök tilvik, þ.m.t. um tímalengd náms, einingafjölda, samsetningu náms, umsjónarkennara og leiðbeinendur. Fyrirvarar deilda í reglum og kennsluskrá um fjárveitingar, fánlegt kennaralið og slík atriði gilda gagnvart þeim nemendum sem skráðir eru í námið.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. nánar 66. gr. reglna nr. 569/2009. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöðin kallar eftir.

2. gr.

Markmið.

Markmið með samkomulagi þessu er að stuðla að vandaðri menntun framhaldsskólakennara með víðtæku samstarfi fræðasviða og deilda háskólans um fyrirkomulag og inntak námsins, kennslufræði framhaldsskóla, einstakar faggreinar framhaldsskóla og aðra þætti er varða kennslu, stjórnun og skipulag skólastarfs í framhaldsskólum.

Með náminu skal leitast við að koma til móts við þarfir samfélagsins um menntun framhaldsskólakennara, rannsóknir, kennslu, þjónustu og stefnumótun sem tengist kennslu og stjórnun í framhaldsskólum.

3. gr.

Um námið.

Meistaraámið til menntunar framhaldsskólakennara er 120 einingar og skipulagt og stundað í umboði og á ábyrgð fræðasviða og deilda sem eru aðilar þessa samkomulags. Námsleið til M.Ed.-prófs í kennslufræði framhaldsskóla í kennaradeild Menntavísindasviðs fellur þar undir. Undanfari meistaranámsins er bakkalárpróf með a.m.k. 120 einingum í einni faggrein eða annað háskólanám sem metið er jafngilt, sbr. 7. gr.

Menntavísindasvið annast umsýslu námsins, s.s. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði í samráði við námsstjórn, sbr. 4. gr.

Nemandi velur áherslusvið sem segir til um þá deild sem hann verður skráður í og mun brautskrást frá að náminu loknu, eftir atvikum með sameiginlega prófgráðu frá kennaradeild og annarri deild. Til áherslusviðs telst faghluti náms sem skal að jafnaði vera að minnsta kosti 60 einingar á meistarastigi. Rannsóknarverkefni fellur þar undir að hluta eða öllu leyti. Kjarni í kennslufræði er í umsjá kennaradeildar og nemur 40 einingum hið minnsta, eftir skipulagi áherslusviða sem námsstjórn ákveður. Ef rannsóknarverkefni er ekki tengt kennslufræði greinar bætast við 20 einingar í námskeiðum í kennslufræði. Einstök námskeið og verkefni á áherslusviðum námsleiðarinnar eru á ábyrgð viðkomandi deildar. Að auki gilda reglur þeirrar deildar þar sem verkefni (ritgerð) nemanda er unnið, enda skal nemandinn brautskráður frá þeirri deild, eða eftir atvikum með sameiginlega prófgráðu tveggja deilda, sbr. 1. mgr.

#### 4. gr.

##### Stjórn námsins og ráðgjafahópur.

Rektor skipar námsstjórn menntunar framhaldsskólakennara til þriggja ára í senn. Námsstjórnin er skipuð sjö fulltrúum, fimm samkvæmt tilnefningum stjórna fræðasviða, einum fulltrúa Félags framhaldsskóla og einum fulltrúa til viðbótar sem rektor ákveður og er hann formaður. Hver tilnefningaraðili tilnefnir tvo, karl og konu. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti fyrir hvern fulltrúa. Í námsstjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Námsstjórn ber faglega ábyrgð á náminu í umboði fræðasviða og deilda. Námsstjórn fer með sameiginleg málefni námsins, skipuleggur það og hefur yfirumsjón með því.

Námsstjórnin tryggir gæði námsins m.a. með því að yfirfara og samþykkja umsóknir, námsáætlanir og breytingar á þeim og tilnefna prófdómara fyrir meistarapróf.

Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í stjórn sker atkvæði formanns úr.

Námsstjórn er heimilt að skipa ráðgjafahóp sér til ráðuneytis, samkvæmt tilnefningum frá deildum og samstarfsaðilum.

#### 5. gr.

##### Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur fyrir meistaránámið er til 15. apríl fyrir innritun á haustmisseri, en erlendra umsækjenda til 1. febrúar. Heimili námsstjórn innritun á vormisseri skal sá umsóknarfrestur vera til 15. október.

#### 6. gr.

##### Meðferð umsókna.

Umsóknum merktum „Menntun framhaldsskólakennara“ skal skilað til Nemendaskrár Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu eyðublaði sem aðgengilegt er á vef skólans. Upplýsingar um fylgigögn með umsókn er að finna á heimasíðu námsleiðarinnar.

Eftir skráningu gagna í Nemendaskrá fjallar námsstjórn um umsóknir og ber að líta til gæða þeirra og inntökuskilyrða, sbr. 7. gr. Námsstjórn afgreiðir umsóknir og tilnefnir umsjónarkennara fyrir nemandann.

Að lokinni umfjöllun sinni tilkynnir námsstjórn umsækjanda um niðurstöðu sína. Afgreiðsla námsstjórnar skal skráð í rafrænt kerfi Nemendaskrár. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað skriflega innan sex vikna frá lokum umsóknarfrests. Umsókn er synjað ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur.

Nemandi sem námsstjórnin hefur samþykkt í námið skal snúa sér til Nemendaskrár og ganga frá skráningu og greiðslu skrásetningargjalds komandi háskólaárs. Um skráningu og greiðslu skrásetningargjalds fer eftir sameiginlegum reglum Háskóla Íslands.

#### 7. gr.

##### Inntökuskilyrði.

Til að innritast í meistaránámið í menntun framhaldsskólakennara þarf umsækjandi að hafa lokið bakkalárprófi með a.m.k. 120 einingum í einni faggrein eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt. Miða skal við inntökuskilyrði í meistaránám í viðkomandi deild.

Umsækjendur sem þegar eru með meistara- eða doktorspróf í tiltekinni grein stunda að öðru jöfnu nám til 60 eininga viðbótardiplómu á meistarastigi í kennslufræði í kennaradeild eða, eftir atvikum nám til M.Ed.-prófs í kennaradeild.

Námsstjórn metur umsóknir á grundvelli fyrra náms og samþykkir þær eða synjar.

#### 8. gr.

##### Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistaránám í menntun framhaldsskólakennara með tilgreindum áherslusviðum er 120 einingar. Miðað skal við að lengd námsins sé tvö ár (fjögur misseri). Hámarksnámstími til meistaraprófs er sex misseri frá því stúdent var skrásettur í námið. Stjórn námsins er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi deild, að veita undanþágu frá þessum tímamörkum, þegar sérstaklega stendur á. Við brautskráningu skal stúdent sýna fram á að hann hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímamann, eða samkvæmt nánari reglum sem Háskóli Íslands kann að setja.

#### 9. gr.

##### Námsleiðir, framvinda og samsetning náms.

Námið skal fela í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og þátttöku í námskeiðum á framhaldsnámsstigi. Mikilvægur hluti námsins er rannsóknar- eða þróunarverkefni og ritgerð sem byggist á því. Stærð verkefnisins er ákveðin í námsáætlun og skal vera 30-40 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, málstofum, vettvangsnámi í framhaldsskóla og lesnámskeiðum. Heimilt er að hafa meistaraverkefnið 60 einingar og skal þá skipuð meistaranámsnefnd, sbr. 13. gr., en þó teljast aldrei fleiri en 40 einingar af þeim til meistaraprófsins í menntun framhaldsskólakennara.

Allir nemendur þurfa að hafa lokið tilteknum skyldunámskeiðum, þ.e. 40 eininga skyldukjarna í kennslufræði framhaldsskóla hið minnsta, sbr. 3. gr., til að útskrifast með MA, M.Ed. eða MS-gráðu í menntun framhaldsskólakennara við Háskóla Íslands, sbr. 18. gr. Námskeið í skyldukjarna og áherslusvið í náminu í einstökum háskóladeildum eru tilgreind í kennsluskrá. Hafi nemandi við innritun þegar lokið námi sem er sambærilegt tilteknu námskeiði í skyldukjarna meistaranámsins eða áherslusviði þess getur námsstjórn ákveðið að valnámskeið sé tekið í þess stað.

Við lok annars misseris skal nemandi hafa fengið leiðbeinanda fyrir rannsóknarverkefni og veitir umsjónarkennari nemandans aðstoð við valið. Ef rannsóknarverkefni tengist kennslufræði framhaldsskóla að hluta til nefnir kennaradeild sérfræðing sem vinnur með leiðbeinanda. Ef rannsóknarverkefni er ekki tengt kennslufræði greinar bætast við 20 einingar í námskeiðum í kennslufræði. Þá skal einnig liggja fyrir lýsing á rannsóknarverkefni og áætlun um framkvæmd þess. Námsstjórn samþykkir lýsinguna og áætlunina.

#### 10. gr.

##### Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Námskeið í framhaldsnámi skulu að jafnaði vera sérstök framhaldsnámskeið við Háskóla Íslands eða aðrar viðurkenndar stofnanir. Nemendum í meistaranámi í kennslufræði framhaldsskóla er heimilt með samþykki námsstjórnar að taka námskeið í grunnnámi sem hluta af framhaldsnámi, enda sé það nauðsynleg undirstaða náms. Miðað skal við að námskeið úr grunnnámi nemi ekki fleiri einingum en 15 af 120 ef lokaverkefni er 30 einingar og 10 ef lokaverkefni er 60 einingar. Miðað skal við að lágmarkseinkunn úr slíkum námskeiðum sé 6,0.

#### 11. gr.

##### Umsjónarkennari lokaverkefnis og leiðbeinandi.

Sérhver meistaranemi skal frá lokum annars misseris hafa umsjónarkennara lokaverkefnis úr hópi fastra akademískra starfsmanna Háskóla Íslands sem hann ráðfærir sig við um rannsóknarverkefni og annað sem tengist náminu. Umsjónarkennari ásamt nemanda leggur fram áætlun um rannsóknarverkefni sem stjórn námsins samþykkir. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami einstaklingurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda ef það samræmist reglum viðkomandi deildar. Ef leiðbeinandi er utan háskólans, þá hefur umsjónarkennari umsjón með verkefninu og er ábyrgur fyrir því að það sé í samræmi við kröfur viðkomandi deildar, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni. Ef rannsóknarverkefni tengist kennslufræði framhaldsskóla að hluta til nefnir kennaradeild sérfræðing sem vinnur með leiðbeinanda, sbr. 9. gr.

#### 12. gr.

##### Kröfur til umsjónarkennara lokaverkefnis og leiðbeinanda.

Umsjónarkennari skal vera akademískur starfsmaður í fullu starfi við Háskóla Íslands og koma úr þeirri deild sem nemandi mun brautskrást frá að námi loknu. Ef leiðbeinandi kemur ekki úr þeim hópi þarf hann að hafa lokið a.m.k. meistaraprófi á viðkomandi fræðasviði. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans.

#### 13. gr.

##### Meistaranámsnefndir.

Ef rannsóknarverkefni er 60 einingar, sbr. heimild í 9. gr., skipar námsstjórnin tvo sérfróða menn í meistaranámsnefnd samkvæmt tilnefningu þeirrar deildar sem nemandinn mun brautskrást frá að náminu loknu og er annar þeirra umsjónarkennari lokaverkefnis. Heimilt er að skipa þriðja manninn í nefndina, t.d. ef verkefnið snertir fleiri en eina deild. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, svo og að tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur. Meistaranámsnefnd heldur reglulega fundi með

nemandanum og nemandinn skilar árlegri skýrslu og námsáætlun á þar til gerðu eyðublaði til námsstjórnarinnar.

Námsstjórnin getur vikið frá ákvæði 1. mgr. ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Prófdómarar.

Forseti viðkomandi fræðasviðs skipar prófdómara að fenginni tilnefningu námsstjórnar sem hefur samráð við þá deild eða deildir sem nemandinn brautskráist frá. Prófdómari og meistaranámsnefnd, ef við á, prófa meistaranema og leggja mat á lokaverkefnið. Prófdómari skal ekki vera tengdur rannsóknarverkefninu.

15. gr.

Námsmat og meistaraþróf.

Þegar ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats staðfest námsferilsyfirlit nemanda. Um einkunnir gilda ákvæði samkvæmt reglum fyrir Háskóla Íslands.

Um framkvæmd meistaraþrófs og mat fer að reglum þeirrar deildar sem nemandi brautskráist frá. Prófdómari, ásamt meistaranámsnefnd, ef við á, meta frammistöðu nemanda.

16. gr.

Skil og frágangur meistaraþrófgerða.

Meistaraþrófsritgerð skal unnin og lögð fram í samræmi við reglur þeirra deilda sem nemandi brautskráist frá. Við frágang lokaverkefnis og meðferð heimilda skal nemandi fylgja reglum þeirrar deildar sem hann brautskráist frá. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið innan námsleiðar um menntun framhaldsskólakennara og við þá deild sem nemandinn brautskráist frá. Í formála skal geta samstarfsaðila og þeirra sjóða sem styrkt hafa verkefnið, ef það á við. Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku en útdráttur á báðum tungumálum skal fylgja. Ef áherslusvið nemandans er erlent tungumál skal ritgerðin vera á því máli, en útdráttur á íslensku og ensku skal fylgja.

Nemandinn annast lögbundin skil á ritgerðinni til Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns. Rafrænt eintak ber að vista í gagnasafni Skemmu sem safnið rekur.

17. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hluta meistaranáms má taka við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsóknar- eða vísindastofnanir.

18. gr.

Lærdómstitill.

Meistaraþróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstílsins MA, M.Ed. eða MS í menntun framhaldsskólakennara eftir því frá hvaða deild nemandi brautskráist.

19. gr.

Gildistími og endurskoðun.

Samkomulag þetta er til þriggja ára og tekur strax gildi. Það skal endurskoðað fyrir lok febrúar 2013. Námsstjórn skili skýrslu um framvindu samstarfsins og þróun þess til rektors og forseta fræðasviða fyrir lok júní 2012.

Samþykkt á fundi forseta fræðasviða og rektors 5. mars 2012.

-----